

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, til að öðlast þegar gildi 1. janúar 1990 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. desember 1989.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ**um veiðar smábáta 1990.**

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða báta minni en 10 brl., sem ekki hljóta sérstakt botnfiskveiðileyfi samkvæmt 5. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988 – 1990 sbr. 2. gr. reglugerðar 19. desember 1989, um stjórn botnfiskveiða 1990.

2. gr.

Allar botnfiskveiðar báta 6 brl og stærri skulu háðar sérstökum veiðileyfum, ennfremur þorskfisknetaveiðar báta undir 6 brl. svo og línu og handfæraveiðar með aflahámarki.

3. gr.

Bátum, sem eingöngu stunda veiðar með línu- og handfærum eru óheimilar veiðar frá og með 1. janúar til og með 15. janúar 1990 ennfremur í tíu daga um páskahelgi og tíu daga um verslunarmannahelgi og í sjö daga í hvorum mánaðanna júní og október samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Ennfremur frá og með 10. desember til og með 31. desember 1990.

Heimilt er að veita þessum bátum veiðileyfi með aflahámarki, sé þess óskað sérstaklega skv. ákvæðum 6. gr. enda hafi viðkomandi aðili meginhluta tekna sinna af slíkri útgerð. Bátar, sem slík veiðileyfi fá, eru undanþegnir veiðibönnum samkvæmt 1. mgr.

4. gr.

Bátum 6 brl. og stærri sem netaveiðar stunda, skal úthlutað sérstöku veiðileyfi með aflahámarki. Aflahámark fyrir báta 6 brl. og stærri en minni en 8 brl. er 65 lestir ósl. Aflahámark báta 8 brl. og stærri er 85 lestir ósl. Heimilt er þó að úthluta bátum stærri en 9.5 brl. sem teknir voru í notkun á árinu 1987 eða síðar, veiðileyfi með allt að 105 lesta aflahámarki miðað við ósl. enda sé rúmtala þessara báta meiri 50 m³, sbr. reglugerð nr. 113, 23. janúar 1988, að mati tæknideildar Fiskifélags Íslands, ennfremur bátum sem eru þeim sambærilegir að verði og afkastagetu.

Skulu þessir bátar fylgja almennum reglum um netaveiðar, en eru undanþegnir veiðibönnum skv. 1. mgr. 3. gr.

5. gr.

Bátum undir 6 brl. eru bannaðar allar þorskfisknetaveiðar. Þó er heimilt að veita þeim, sem þorskfisknetaveiðar hafa stundað á bátum undir 6 brl. á árunum 1987 eða 1988, leyfi til þorskfisknetaveiða og eru þeir bátar þá undanþegnir veiðibönnum skv. 1. mgr. 3. gr. en skulu að öðru leyti hlíta almennum reglum um netaveiðar. Fáí þeir leyfi til þorskfisknetaveiða skal þeim veitt botnfiskleyfi með 55 lesta aflahámarki miðað við ósl.

6. gr.

Peir, sem kost eiga á veiðileyfi með aflahámarki skv. 3.–5. gr., geta sótt um að fá veiðileyfi með aflahámarki, sem byggist á eigin reynslu. Aflahámark þeirra skal þá ákveðið sem 80% af meðaltalsafla tveggja bestu árunum af árunum 1985, 1986 og 1987 eða sem 65% af afla ársins 1987, eftir því hvort hærra reynist, en skal þó aldrei vera hærra en 170 lestir ósl. Sæki aðilar um veiðileyfi skv. þessari grein, skulu þeir leggja fram aflaskýrslur, er sýni afla þeirra árin 1985, 1986 og 1987.

7. gr.

Aflahámark er óframseljanlegt. Sjávarútvegsráðuneytið getur heimilað flutning á aflamarki af skipum 10 brl. og stærri til báta undir 10 brl., ef sérstaklega stendur á, að fenginni umsögn Landssambands smábátaeigenda, sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags á viðkomandi stað.

Aflahámark hvers báts skal tilgreint í heilum tonnum.

Sé aflahámark ákveðið í veiðileyfi samkvæmt 3.–6. gr., gildir það um allar botnfiskveiðar hlutaðeigandi báts allt árið 1990.

Aflahámarki skal úthlutað í þorskígildum og tekur það til veiða á þorski, ýsu og ufsa. Þegar þorskígildi er reiknað skal miðað við eftirfarandi verðmætahlutföll: þorskur 1.00 ýsa 1.19 og ufsi 0,56.

8. gr.

Þegar breyta skal óslægðum fiski í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0.80 en þegar breyta skal slægðum fiski í óslægðan skal margfalda með 1.25.

Við línuveiðar í janúar, febrúar, nóvember og desember reiknast 50% aflans ekki til aflahámars.

Þorskur og ufsi smærri en 50 cm og ýsa smærri en 45 cm telst ekki að tveimur þriðju hlutum með í aflahámarki fiskiskips, enda fari fiskur undir þessum lágmarksstærðum ekki yfir 10% af afla þessara fisktegunda í veiðiferð og fyrir liggi staðfesting frá matsmönnum um magn, skv. reglum er ráðherra setur. Allur fiskur, sem veiddur er á handfæri telst til aflahámars.

Allan þorsk-, ýsu- og ufsaafra, án tillits til stærðar eða í hvaða veiðarfæri hann fæst, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skal reikna til aflahámars með 15% álagi sbr. 2. mgr. hér að ofan.

9. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan botnfisk af kvótabundnum fisktegundum og nýtanlegum fisktegundum, sem markaður er fyrir. Sleppa skal þó þorski og ufsa smærri en 50 cm og ýsu smærri en 45 cm, sem fæst á handfæri.

Skipstjóra er skylt að halda fiski aðskildum eftir tegundum um borð í veiðiskipi. Ennfremur er honum skylt að vigta hverja tegund sérstaklega í löndunarhöfn, sbr. reglugerð nr. 567, 28. nóvember 1989, um vigtun sjávarafra.

10. gr.

Útgerðum báta, skipstjórnarmönnum og kaupendum er skylt að senda sjávarútvegsráðuneytinu skriflegar upplýsingar um afla, aflasamsetningu og um úthald og sjósókn á eyðublöðum sem ráðuneytið leggur til. Vanskil á skýrslum og röng skýrslugerð varða tafarlausri leyfissviptingu.

11. gr.

Miðist aflahámark við stærð báts, skal miðað við gildandi mælingarbréf frá Siglingamálastofnun ríkisins 22. janúar 1988. Hafi skip komið í rekstur eftir 22. janúar 1988 skal miða við fyrsta gildandi mælingarbréf skipsins.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988 – 1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988 – 1990 til að öðlast gildi 1. janúar 1990 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. desember 1989.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING**um álagningarstofn fasteignaskatts.**

Í samræmi við II. kafla laga nr. 91 1. júní 1989, um tekjustofna sveitarfélaga, hefur Fasteignamat ríkisins samið skrár um álagningarstofn fasteignaskatts. Í skráum þessum er álagningarstofn fasteignaskattsins ákveðinn svo sem lög þessi mæla fyrir um og er hann tilgreindur fyrir hverja einstaka fasteign í landinu.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak skrár um álagningarstofn fasteignaskatts eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Skrár þessar munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. janúar n.k. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofn fasteignaskatts með tilkynningu um nýtt fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 545/1989 um nýtt fasteignamat.

Með vísan til laga nr. 91/1989 tilkynnir ráðuneytið hér með að álagningarstofn fasteignaskatts, sem ákveðinn hefur verið með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. janúar 1990.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1989.

F. h. r.

Þórhallur Arason.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ**um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.**

1. gr.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skal vera sjálfstæð vísindaleg stofnun og samstarfsvettvangur aðila er sinna rannsóknum á því sviði, m.a. menntamálaráðuneytis, kennaramenntunarstofnana, samtaka kennara og einstaklinga.